

HAPPDRETTI
das
-vinningur í hverri viku



DAS 50 ára



Bíum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld

Efnisyfirlit

Bls. 3 Saga DAS í 50 ár.

6 Einn af fyrstu vinningshöfum í DAS

7 Bel Air snýr aftur

8 Sigurður Ágúst Sigurðsson forstjóri Hapdrættis DAS

9 Vinningaskrá 2004

14 Guðmundur Hallvarðsson stjórnarformaður Hapdrættis DAS og Sjómannadagsráðs Reykjavíkur

16 Soffía Egilsdóttir forstöðumaður félagssviðs og vistunar

18 Umboðsmenn DAS víða um land

Hapdrætti DAS 50 ára

Maí 2004

Ábyrgðarmaður: Sigurður Ágúst Sigurðsson

Útgefandi: Hapdrætti DAS

Texti: Dagur Gunnarsson

Forsíðumynd: Dagur Gunnarsson


Umbrot og prentun: Morgunblaðið

Kæri lesandi

Hapdrætti DAS heldur nú í ár upp á fimmtíu ára afmæli sitt. Að baki er hálf öld farsæls starfs sem hefur gert Sjómannadagsráði kleift að byggja dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða. „Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld“ eru einkunnarorð hapdrættisins sem allir landsmenn kannast við, en það eru kannski færri sem þekkja þá miklu uppbyggingu sem hapdrættið hefur stuðlað að.

Því er spáð að hlutfall aldraðra í þjóðfélaginu muni þrefaldast á næstu fimmtíu árum. Því er ljóst að mikil þörf er á frekari uppbyggingu á aðstöðu og þjónustu fyrir aldraða.

Nýlega gerði Sjómannadagsráð samning við Heilbrigðisráðuneytið um rekstur hjúkrunarheimilisins á Vífilsstöðum og ennfremur hefur hjúkrunarheimilið í Víðinesi verið rekið af hálfu Sjómannadagsráðs. Á síðasta ári voru tekin í notkun tvö fjölbýlishús á lóð Hrafnistu í Hafnarfirði en þar eru 64 leiguíbúðir fyrir eldri borgara. Sextíu rýma hjúkrunarálma við Hrafnistu í Reykjavík verður tekin í notkun fyrir komandi sjómannadag, 6. júní. Á teikniborðinu er 90 rýma hjúkrunarálma við Hrafnistu í Hafnarfirði, sem lengi hefur verið í biðstöðu þar sem enn hefur ekki fengist framkvæmda- og rekstrarleyfi frá heilbrigðisráðuneytinu. Öllum má þannig ljóst vera að á afmælisárinu er mikið að gera hjá hapdrættinu og enginn skortur á framtíðarverkefnum.



Í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði vantar nú 452 hjúkrunarrými og á sömu stöðum vantar einnig 265 vistrými. Samtals bíða 717 aldraðir úrlausnar í þessum sveitarfélögum, samkvæmt vistunarmatsskrá heilbrigðisráðuneytisins frá því í janúar sl. Þar af er 621 metinn í brýnni, eða mjög brýnni þörf.

Hapdrætti DAS er í eðli sínu stórmerkilegt fyrirbæri, því sjómannastéttin tók sig saman og byggði heimili fyrir sínar öldruðu

kempur og fann jafnframt árangursríka leið til að rífa þjóðina með sér í að fjármagna það ævintýri með viðamiklu hapdrætti. Hapdrættið varð síðan að því fyrirtæki sem það er í dag og er liður í lífi margra Íslendinga með einum eða öðrum hætti. Án hapdrættisins væri allt öðruvísi um að litast í vistunarmálum aldraðra og nauðsynlegt að halda áfram því góða og þarfa starfi sem hapdrættið hefur stuðlað að, starfi sem landsmenn njóta allir góðs af.

Í tilefni af stórafmælinu ætlar Hapdrætti DAS að veita sögulegan vinning og hefur flutt inn til landsins Chevrolet Bel Air árgerð 1954, sömu tegundar og bifreiðin sem hapdrættið úthlutaði í sínum fyrsta útdrætti. Bíllinn er kannski ekki hentugasti fjölskyldubíllinn á markaðnum í dag, en hann er í senn glæsilegur vinningur og verðugur minnisvarði um fimmtíu ára farsælt starf hapdrættisins.

Guðmundur Hallvarðsson

Hvernig er dregið í DAS?

Hér áður fyrr var dregið úr miðum sem rúlluðu um í sérhannaðri kopartromlu, henni var snúið og svo var dregið í gegnum litla lúgu á tromlunni. Þessi kopartunna eða tromla varð síðan að einkennismerki Hapdrættisins og sést ennþá í vörumerkinu. Í dag er aftur á móti annar háttur hafður á og útdrátturinn fer fram með rafrænum hætti að mestu.



Ása Hildur Baldvinsdóttir við kopartromluna góðu.



Starfsmenn aðalumboðs Hapdrættisins, Ragnhildur Sigurðardóttir, Jóhanna Tómasdóttir, Halldóra Jóhannesdóttir, Sólvieg Karlsdóttir og Marín Pétursdóttir.

Tveir fulltrúar frá hapdrættisráði Hapdrættis DAS sem eru skipaðir af dómsmálaráðherra koma vikulega og fylgjast með útdrættinum. Þeir skrifa niður fjórtíu og átta tölur sem eru valdar af handahófi með gegnsæjum stokk sem veltir átta tíutölu teningum. Þegar stokknum hefur verið velt sex sinnum og það er búið að velja þessar fjórtíu og átta tölur er innsigli rofið á sérstakri tölvu, hún ræst og tölurnar settar inn í tölvuforritið. Á þessum tölum byggir tölvan út-

dráttinn og dregur út vinningsnúmerin á augabragði. Þetta er allt innsiglað og það er alltaf svolítil athöfn í kringum útdráttinn. Þeir sem eiga miða geta líka komið og fylgst með útdrættinum og jafnvel tekið þátt, snúið stokknum fyrir starfsmenn Hapdrættisins. Það kemur fyrir öðru hverju að fólk mætir til að taka þátt og fólk er beinlínis hvatt til þess, sérstaklega þeir sem telja að það geti haft áhrif á gengi þeirra í hapdrættinu.

Saga Happdrættisins

Væntanlegum vinningum ekið upp að Hrafnistu á sjómannadeginum 1954.

Sjómannadagsráð var upphaflega stofnað 1937 með það takmark fyrir augum að halda árlega upp á sjómannadaginn með pompi og prakt og eins til að safna fé til að reisa minnisvarða um druknaða sjómenn. Sama ár kom upp sú hugmynd að vinna jafnframt að öðrum og stærri verkefnum. Hafist var handa við að byggja vistheimili fyrir aldraða sjómenn og sjómannsekkjur. Það voru hin ýmsu stéttarfélög sjómanna og sjómannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði sem voru stofnaðilar að sjómannadagssamtökunum.

Aðalmarkmið samtakanna var að byggja dvalarheimili fyrir aldraða. Til að afla fjár var Happdrætti DAS stofnað 1954 og hefur það með stuðningi landsmanna átt verulegan þátt í að fjármagna Hrafnistu dvalarheimilin bæði í Reykjavík og Hafnarfirði. Að auki hafa verið reistar fjölmargar þjónustuíbúðir og leiguíbúðir fyrir aldraða og verið er að ljúka við að reisa hjúkrunarheimili með sextíu rúmum við Hrafnistu í Reykjavík.

Á þessum 50 árum hefur Happdrætti DAS selt happdrættismiða fyrir hátt á 14 milljarða króna. 8 milljarðar hafa farið í vinninga og beinn hagnaður til ráðstöfunar er því á þriðja milljarð króna, þar af fóru um 400 milljónir til uppbyggingar dvalarheimila út um land allt því á árunum 1963-1987 runnu 40% af hagnaði happdrættisins í Byggingarsjóð aldraða.

Forsetinn fékk plötuspilara


Happdrætti DAS kom til sögunnar á erfiðum tímum, það voru margs konar viðskiptahöft og boð og bönn í gildi sökum gjaldeyrisskorts, það mátti ekki flytja inn nokkurn skapaðan hlut nema að fengnu sérstöku leyfi frá yfirvöldum.

Forystumenn Sjómannadagsráðs gengu á fund Ólafs Thors, þáverandi forsætisráðherra og báðu hann um aðstoð við stofnun happdrættisins. Það var gert með lögum sem voru keyrð í gegn á met tíma á síðustu dögum Alþingis það árið. Svo hratt gekk málið fyrir sig að enn í dag þykir það einsdæmi, einungis mál sem varða þjóðarhag hafa fengið slíka hraðafgreiðslu. Happdrættið var vöruhappdrætti, lögin gerðu ráð fyrir að vinningar happdrættisins væru bílar, bátar, búvélar, búpeningur, skip, farseðlar til ferðalaga og húsbúnaður. Fyrsta árið voru sex bílar í aðalvinning hjá happdrætti DAS en það árið var einungis leyfður innflutningur á níu fólksbílum til landsins.

Það var þáverandi forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, sem hleypti happdrættinu af stokkunum. Honum var formlega afhentur fyrsti miðinn og hlaust vinningur á þann miða seinna það árið og hlaut forsetinn forlata plötuspilara með útvarpi í vinning.

Fyrsti happdrættismiðinn kostaði 10 kr. stykkid og gefnir voru út 35 þúsund miðar sem seldust upp á skömmum tíma, dregið var í tíu flokkum (einn í hverjum mánuði) og náði salan rúmum 3 milljónum króna. Hagnaðurinn reyndist 1,2 milljónir króna. Í lok annars starfsársins var ákveðið að fjölga miðunum upp í 65 þúsund og var hagnaðurinn kominn í samtals 3,7 milljónir en eins og kom fram í Morgunblaðinu á þessum tíma kostaði fyrsti áfanginn við Hrafnistu 4 milljónir.

Það má því ljóst vera hve gríðarleg lyftistöng Happdrætti DAS var fyrir uppbyggingu Hrafnistu í Reykjavík.






Góðhestur með hnakk og beisli sem var aðalvinningur í 3. flokki 1957.



DAS-blokkinn í Ljósheimum.



Matarlystin hvarf

Fyrstu sex bílarnir sem Happpdrættið dró um voru amerískir kaggar af gerðinni Chevrolet Bel Air, allra fyrsta bílinn hlaut Böðvar Sigurðsson, bóksali í Hafnarfirði. Dóttir Böðvars, Ingibjörg, var á þrettánda ári þegar þetta var og man glögg þegar fregnin af bílvinningnum barst fjölskyldunni.

„Við misstum alveg matarlystinna við þessar fregnir. Við vorum heima í hádeginu, það voru pylsur í matinn þegar Finnbogí á pósthúsinu hringir og segir okkur tíðindin. Hann var umboðsmaðurinn fyrir Happpdrætti DAS í Hafnarfirði og var búinn að gera margar tilraunir til að selja pabba miða. Það varð úr að pabbi tók einn miða til að styrkja gott málefni og dró bara miðann sem var efstur í bunkanum án þess að hugsa mikið um hvaða númer væri á honum. Svo var pabbi ekki mikið að passa upp á hann og þegar vinningurinn kom svo á miðann varð uppi fótur og fit og gerð mikil leit að miðanum. „Elsku Día mín, hvað ætli ég hafi gert af miðanum?“ kveinaði pabbi sem þurfti ekki að hafa neinar áhyggjur, því auðvitað hafði mamma geymt hann á vísun stað. Við



Bóbó bróðir minn fór um svo þrúðbúin og fin með í bæinn að sækja drossiuna sem var kolsvartur og rosalega flottur Chevrolet.“

Hvað skyldi svo hafa orðið um bílinn?

„Pabbi var nýbúinn að fá langþráð leyfi til að kaupa nýjan bíl þegar honum barst þessi happafengur svo hann

seldi Chevrolettinn fljótlega, hann átti hann kannski í mánuð eða tvo. Við fórum nú samt í bílferð upp í Mosfellssveit og heimsóttum móðursystur mína sem dvaldi þar í sumarbústað. Ég man að ég varð hálf bílveik á leiðinni því þetta voru svo mikil viðbrigði eftir gamla bílinn hans pabba sem var rússneskur af gerðinni Tatra, það var mikið stökk þar á milli. Við krakkarnir sáum mikið á eftir þeim svarta, en pabbi seldi hann af því að hann var ekki hentugur fyrir bókabúðina, hann fékk sér Volvo skutbíl í staðinn. Chevrolettinn fékk hins vegar hentugra verkefni, hann var seldur leigubílstjóra í Garðabæ og fékk númerið G-740. Ég vil nota tækifærið og óska happpdrættinu til hamingju með afmælið og þakka fyrir góðar minningar af fallettum bíl.“

AF HVERJU BÍLAR?

Síðasta öld var bílaöldin og á þeim hundrað árum sem liðin eru frá því að fyrsta bifreiðin nam hér land hefur bíllinn náð að festa sig í sessi og er fyrir löngu orðinn ómissandi hluti af lífi flestra Íslendinga.

Það þykir jafn nauðsynlegt að eiga bifreið hér eins og annars staðar þykir lyklatríði að eiga góðan frakka. Ástæðan er kannski sú að hér er vart markaður fyrir almenningssamgöngur og veðurfarið setur einnig strík í reikninginn, þjóðfélagið hefur einfaldlega verið byggt þannig upp að það er nánast óhjákvæmilegt að eiga bíl. Samkvæmt nýjustu tölum frá Umferðarstofu eru 166.869 fólksbifreiðar skráðar á landinu öllu sem gróft reiknað þýðir að á Íslandi er rúmlega hálf bifreið á hvert einasta mannsbarn í landinu.

Erfitt að komast yfir bíla

Fyrir hálfri öld, þegar Sjómannadagsráðið setti Happpdrætti DAS á laggirnar, voru viðskipta-hömlur á flestum innflutningi sökum gjaldeyris-skorts og efnahagsþrenginga, það var erfitt fyrir einstaklinga að eignast bíl jafnvel þótt þeir ættu fyrir honum. Það þurfti að sækja um sérstakt leyfi til hins opinbera og rökstyðja nauðsyn þess að einmitt þú gætir ekki án einkabifreiðar verið. Læknar, atvinnubílstjórar og bændur gengu fyrir en aðrir áttu erfiðara um vik. Að eignast nýjan bíl á þeim árum var ekki það sama og í dag, bílar voru hlutfallslega dýrari og mikil munaðarvara. Í lögum um starfsleyfi Happpdrættisins voru settir þeir skilmálar að það yrði að vera vöruhappdrætti, trúlegast til að keppa ekki um of við Happpdrætti Háskólans sem þegar hafði hafið starfsemi. Þar sem bílar voru dýrir og illfánlegir má það teljast snilldarbragð hjá ráðamönnum hins nýbakaða Happpdrættis að hafa splunkunýja glæsibifreið í fyrsta vinning og án efa átti það stóran þátt í þeim góðu viðtökum sem happpdrættið fékk. Á þessum árum áttu menn ekki einungis í erfiðleikum með að eignast bifreiðar heldur var einnig erfitt að nálgast nauðsynlega varahluti og hljólbarda í gömlu skrifstofu sem margir voru að reyna að halda við af veikum mætti.

Happpdrætti DAS var kynnt til sögunnar, þetta var flokkahapppdrætti og í hverjum mánuði var dregið um fólksbifreið af bestu og dýrustu gerð.

Miðarnir seldust upp á augabragði og mikið



Á fyrstu árunum voru vinningarnir af mörgu tagi s.s. glæsibifreiðar, góðhestar, trillur, landbúnaðar-tæki, farmiðar til utanlandsferða og seinna komu raðhús og einbýlishús.

var gert úr hverjum drætti, bifreiðin stóð fyrir utan söluskrifstofu happdrættisins í Austurstræti til að gestir og gangandi gætu dáðst að þessum kostagrip. Það mynduðust oft gífurlega langar raðir fyrir utan söluskrifstofuna í Austurstræti, sama hvernig viðraði.

Bílar af bestu gerð

Vinningsbílarirnir voru af ýmsum gerðum eftir það, í fyrstu voru það aðallega amerískir bílar sem voru í aðalvinning: Pontiac, Ford Fairlane, Dodge og Buick og síðar fóru einnig að koma aðrar tegundir: Fiat, Opel, Skoda, Willys, Moskvitch og Volga. Hæppdrættið fylgdi tísku-sveiflum í bílaheiminum og var ávallt með bíla af bestu gerð í aðalvinning.

Bílarirnir voru hafðir til sýnis á áberandi stöðum og oft notaðir við hátíðleg tækifæri sem eins konar sölubásar og leikur ekki nokkur vafi á því að það hafi orðið mönnum hvatning til að kaupa sér miða þegar þeir sáu glansandi bifreiðina sem var í boði. Seinna meir vann síðan hæppdrættið með bílaumboðunum, því það þótti góð auglýsing og ákveðinn gæðastimpill fyrir umboðin ef aðalvinningurinn í Hæppdrætti DAS var bifreið frá þeim.

Það er talað um að hinar og þessar uppfinningar hafi gjörbylt lífi okkar, prentvélin, tölvan og niðursneitt brauð hafa verið nefnd í því skyni en það er alveg ljóst að það er bifreiðin sem hefur valdið stærstu byltingunni hér á Íslandi. Við hoppuðum yfir hina gufuknúna iðnbyltingu en vorum þeim mun duglegri að bílvæðast þegar sá kostur gafst og Hæppdrætti DAS nýtti sér þessa byltingu til hins ýtrasta á fyrstu árunum sínum.

Fyrsta litasjónvarpsauglýsingin var gerð fyrir Hæppdrætti DAS og var mikið þref að fá hana birta á RÚV á sínum tíma. Að endingu fékkst það í gegn eftir mikið málþóf og marga fundi.

Vinsæl einbýlishús

Hæppdrætti DAS var lengi vel með einbýlishús í aðalvinninga og fóru sýningar á þessum húsum fram um hver „áramót“ hæppdrættisins, sem eru í apríl. Svo mikil var ásóknin að takmarka þurfti aðgang að húsunum sumar sýningarhelgarnar. Þóttu þessar sýningar merkilegar að því leyti að húsin voru sýnd með nýjustu húsgögnum og einnig voru innréttingarnar ávallt fyrsta flokks, nýjasta línan hverju sinni og því kjörið tækifæri að sjá hvað væri í tísku.

Í heildina urðu þetta 25 hús og voru flest í Garðabæ sem var vinsælt hverfi, þá voru nokkur í Hafnarfirði, Reykjavík og Mosfellsbæ.

Þá voru ennfremur blokkaríbúðir í vinninga, bæði í Hátúni og síðar í Ljósheimum. Gekk á ýmsu því íbúðirnar reyndust ekki tilbúnar til afhendingar á tilsettum tíma, þ.e. byggingarverktakar lögðu upp laupana í miðju verki. Einhver blaðaskrif urðu um þessi mál, óhressir vinningshafar sem létu í sér heyra en allt fór nú vel að lokum. Hæppdrættið varð fyrir einhverju fjárhagslegu tjóni og því var ekki talið ráðlegt að fara út í slíkt aftur heldur snúa sér að einbýlis- og raðhúsum.

Mismunandi hæppdrætti reynd

Hæppdrætti DAS hefur rekið fjöldan allan af mismunandi hæppdrættum, grunnurinn er og verður svokallað flokkahæppdrætti sem var svo til óbreytt frá upphafi til 1992 þegar dregið var mánaðarlega. Nú hefur útdráttum verið fjölgað og er dregið vikulega. Ýmsar nýjungar hafa verið prófaðar, sumar-, vetrar- og vorpottar voru í boði í nokkur ár og skafmiðahæppdrætti var reynt sömuleiðis. Bingó-Lottó var sænsk hugmynd sem prófuð var hér árið 1994 til 1995, en Svíum gekk betur með það en okkur og hefur Bingó-Lottó gengið í 15 ár þar í landi.

DAS 2000 var stuttur sjónvarpsþáttur í beinni útsendingu sem RÚV sýndi á fimmtudögum, rúmlega eitt hundrað þættir voru sendir út. Áhorfendur gátu tekið virkan þátt með því að hringja inn til að freista gæfunnar. Síma-Lottó var enn ein viðbótin. Það var tæknilega fullkomlið hæppdrætti sem fékk ekki hljómgrunn. Hægt var að panta í gegnum síma og giltu símanúmerin sem þátttökunúmer sem dregið var úr vikulega. Sendir voru út um tuttugu þættir um leið og DAS 2000 þættirnir voru í gangi.

En tímarnir breytast og fólkið með. Á síðari tímum hefur orðið vart við að fólk vilji frekar fá að velja sér íverustað sjálft og því var valin sú leið að vera með vinninga að eigin vali. Hefur svo verið allt frá 1993.



Einn af fyrstu vinningshöfunum



Jóhannes Þorsteinsson við Chevrolet Bel Air sem hann hlaut í vinning 1954.

Jóhannes Þorsteinsson vann sem bifreiðastjóri á BSR í fimmtíu og tvö ár. Snemma á ferlinum datt hann í lukkupottinn og vann fyrsta vinning í öðrum flokki í Hapdrætti DAS árið 1954, það er að segja einn af sex bílum sem Hapdrætti DAS úthlutaði sitt fyrsta starfsár. Jóhannes hlaut heiðgulan Chevrolet Bel Air með grænum toppi og vakti hann mikla athygli hvert sem hann fór.

„Það var hreint ævintýri að fá þennan bíl, ég varð heimsfrægur á Íslandi!“ sagði Jóhannes í viðtali við blaðið. Það þótti kjörið að stilla Jóhannesi upp fyrir myndatöku með þeim nýinnflutta til að rifja upp gamla og góða tíma.

Jóhannes var tuttugu og þriggja ára og hafði starfað sem bílstjóri á BSR í þrjú ár á tíu ára gömlum Dodge sem mál var komið að endurnýja þegar hann hreppti fyrsta vinninginn.

Miðunum prangað inn á hann

„Það var hann Sveinbjörn Tímóteusson, afgreiðslumaður á stöðinni sem var einnig umboðsmaður hapdrættisins, sem prangaði þessum miðum inn á mig. Ég keypti tvo miða af honum af rælni, ég átti alls ekki von á að það kæmi nokkur vinningur á þetta. Ég frétti síðan að ég hafði unnið bílinn seint um nóttina eftir að dregið hafði verið, því ég hafði fengið heljarinnar langan túr sem entist í eina fjóra tíma og endaði inni í Hafnarfirði. Þegar ég loksins kom heim klukkan þrjú um nóttina hélt ég að eitthvað hefði komið upp á því það var kraðak af bílum fyrir utan húsið og þar voru þá samankomnir allir topparnir frá BSR sem biðu þolinmóðir til að geta samglaðst mér. Ég var eins og álfur út úr hól en áttaði mig fljótt hvers kyns var.“

Þetta var ógleymanlegt

„Miðinn minn var númer 14368, ég gleymi því seint. Daginn eftir fékk ég bílinn afhentan á



Jóhannes stillir sér upp við vinningsbílinn 2004.

Hótel Íslandsplaninu og þá var mikið um dýrðir og ég aftur alveg eins og hálfviti, vissi ekkert hvernig ég átti að vera. Ég átti síðan þennan bíl í sex ár, hann hentaði vel í leigubílaakstur og ég reyndi að fara eins vel með hann og mér var framast unnt. En það var lítið vitað um ryðvarnir á þessum tíma og saltið fór illa með bílana og eins keðjurnar sem við þurftum að nota því það var snjóþyngra á veturna á þessum árum.“

Bíladellan

Varst þú ekki aðaltöffarinn í bænum á þessum skærgula bíl?

„Nja, ég var svo gamall í mér, ég var lítið í töffarastandinu, ég hef alltaf reynt að aka eins og maður.“

Jóhannes var og er með gífurlega bíladellu og í dag er hann einn af meðlimum Fornbílaaklúbbs Íslands. Hann varð sér út um Ford Thunderbird sextíu og fjögur mótél fyrir þremur árum og hefur hlotið medalúr fyrir að taka þátt í öllum ferðum klúbbsins.

„Já, maður verður að hafa eitthvað fyrir stafni,“ segir þessi ljónheppni ökuþór hæversklega.



Oft mynduðst langar raðir fyrir utan aðalumboðið í Austursræti. Þessi mynd er tekin í júlí 1954.

Bel Air snýr aftur



Í tilefni afmælisins hefur Hapdrætti DAS flutt inn bíl nákvæmlega sömu gerðar og fyrsti bíllinn sem dreginn var út í fyrsta útdrættinum. Að þessu sinni tók ferðin yfir hafið mun styttri tíma því þetta eintak af Chevrolet Bel Air kom með þotu Icelandair og það þurfti ekki einu sinni leyfi frá Innflutningskrifstofu ríkisins sálugu eins og raunin var 1954.

Örn Sigurðsson landfræðingur var Hapdrætti DAS innan handar við að útvega afmælisbíllinn en hann var formaður Fornbílaklúbbs Íslands í tíu ár og er annar höfundur bókarinnar Íslenska bílaöldin sem kom út hjá Forlaginu á síðasta ári og má segja að hann sé sérfróður um fornbíla á Íslandi.

„Þetta er orðið svo auðvelt nú til dags með tilkomu netsins, það eru svo margar fornbílasíður sem eru með uppboð og sölur á bílum í mismunandi ásigkomulagi. Það tók mig nú samt um tvo mánuði að detta niður á rétta bíllinn. Hann fann ég á ekki ómerkari stað en í Hollywood og hann er hreinlega eins og nýr.“

Heldur þú að hann hafi verið notaður í kvikmyndum?

„Ekki svo ég beinlínis viti til þess, en það kæmi mér alls ekki á óvart, þessi bíll er nýlega uppgerður með upprunalegu sex strokka vélinni og það sem er allra best, Powerglide sjálfskiptingu, hann er tvílitur með mikið af krómi.“

Hvernig kom það til að þú fórst að leita að svona bíl fyrir DAS?

„Þegar ég var að vinna að bókinni Íslenska Bílaöldin var ég svolítið magur af myndum af gömlum bílum en ég vissi að þeir hjá Hapdrætti DAS ættu gott myndasafn af vinningshöfum með nýju bílunum sínum. Ég hafði hjálpað þeim að flokka þetta safn og bera kennsl á bílategundirnar. Ég fékk þessa hugdettu að það væri hægt að finna annan svona bíl eins og þessa fyrstu Bel Air bíla og spila um hann á fimmtíu

ára afmælinu og það fór þá þannig að það lenti á mér að finna bíllinn.“

Var þetta ekkert mál?


„Það tók smá tíma að finna rétta bíllinn, því það er alltaf svolítill áhætta að kaupa bíla svona óséð, sérstaklega fornbíla. Sem betur fer á ég kunningja sem býr þarna úti og kann á svona bíla. Ég sendi hann til að skoða gripinn, sérstaklega þar sem bíllinn var í dýrari kantinum. Þessir Bel Air bílar sem DAS bauð í vinninga upphaflega voru dýrustu útgáfurnar sem mikið var lagt í, sjálfskiptir og flottir, það var ekkert verið að slá af. Enda vöktu þessir bílar mikla athygli þegar þeir komu á sínum tíma.“

Eru fleiri Bel Air bílar til hér á landi í dag?

„Það er til einn bíll, en hann er ekki upprunalegur, það er önnur gerð af Chevrolet sem ég held að síðan hafi verið breytt til að líta út eins og Bel Air. Annars veit maður aldrei hvað menn eru að þakka við að gera upp í bílskúrunum sínum. Þessi Bel Air sem verður dregið um nú í sumar verður án efa einn af tíu glæsilegustu fornbílum á landinu.“

Ertu með einhver góð ráð til væntanlegs vinningshafa?

„Já, ráðlegging númer eitt, tvö og þrjú er að ganga umsvifalaust í Fornbílaklúbb Íslands því það er skemmtilegur félagsskapur. Svo er auðvitað nauðsynlegt að hafa húsnæði fyrir bíllinn og hugsa vel um hann. Það þarf að hugsa um svona bíla eins og þeir væru einn af fjölskyldunni. Það



Örn Sigurðsson stoltur eigandi Mercedes Benz árgerð 1956.

er auðvitað ekki hægt að vera mjög feiminn þegar maður ekur um á svo eftirtektarverðum bíl, hann vekur óneitanlega athygli. Ég er ekki að segja að maður þurfi að þjást af svokallaðri sýniþörf, en það hjálpar. Þetta er viðhafnarbíll sem er flottur til að fara á rúntinn á. Þessi bíll endurvekur gamla tíma sem er einmitt það sem er verið að gera með því að úthluta honum í hapdrættinu.“

Heldurðu að meðlimir Fornbílaklúbbsins spili ekki allir með?

„Það má reikna fastlega með því. Þeir geta til dæmis keypt miða í Laugardalshöllinni þegar við hjá Fornbílaklúbbi Íslands höldum upp á hundrað ára afmæli bílsins á Íslandi 4. til 6. júní. Þá verður líka þessi fimmtugi DAS gripur hafður til sýnis.“



Chevrolet Bel Air á fyrrum heimaslóðum sínum í Hollywood.

Þetta er hugsjón



Það er í mörg horn að líta hjá forstjóra Happraðttis DAS þessa dagana. Það er afmælisár og þá er oft tími til að líta yfir farinn veg, skoða stöðuna og leggja á ráðin með framtíðina. Afmælisvinnurinn, Chevrolet Bel Air, er líka nýkominn til landsins og fjölmiðlarnir vilja ólmir fá viðtöl og fjalla um gripinn.

Sigurður Ágúst Sigurðsson tók við forstjórastól happraðttisins fyrir fjórtán árum og hefur á þeim tíma verið iðinn við að prófa margvíslegar nýjungar í markaðssetningu happraðttisins. Bingó Lottó, símanúmerahappraðtti og DAS 2000 voru tæknilega háþrúð happraðtti þar sem dregið var í beinni útsendingu í sjónvarpsal. Þessar aðferðir náðu ekki að festa sig í sessi, trúlegast voru þær svolítið á undan sinni samtíð. Á afmælisárinu á hins vegar að draga um glæsilegan fornbíl upp á gamla móðinn og verður þá stuðst við hinn trausta og gamalreynda happraðttismiða, jafnvel þó að flestir miðarnir verði trúlegast keyptir á nútímalegan hátt með greiðslukorti á netinu og útdrátturinn fari fram í tölvu.

Orðlaus eins og eftir áfall

„Maður kynnist Íslendingum vel í þessu starfi, þeir eru svolítið lokaðir og bera ekki tilfinningar sínar á torg. Þegar ég er að hringja í fólk og tilkynna því að það hafi fengið stóran vinning í happraðttinu þá eru fyrstu viðbrögð oftast svipuð og þegar fólk verður fyrir miklu áfalli. Það segir ekkert, verður bara orðlaust, síðan fer fólk að velta því fyrir sér hvort það sé verið að gera

at í því og loks kemur vantrú. Viðkvæðið er yfirlétt: „Ég vinn aldrei neitt svona, þetta getur ekki verið.“ Síðan kemur iðulega: „Og hvað sagðist þú heita?“ Nú er tæknin orðin svo mikil í þessum bransa að það er auðvelt fyrir fólk að sjá það svart á hvítu að það hafi í raun unnið. Vinningsnúmerin eru birt í Morgunblaðinu, á textavarpinu og á vefsíðunni okkar. Síðan eftir kannski sólarhring fer það að síast inn að fólk hafi í raun unnið og þá förum við að heyra alls konar sögur um fagnaðarlæti. Það hefur til dæmis komið fyrir í tvígang að stórir vinningar hafa fallið á miða einungis klukkustundum eftir að þeir voru keyptir. Ein kona var að taka til í pappírnum föður síns eftir andlát hans og þegar gamall happraðttismiði datt úr bunkanum fannst henni eins og það væru ákveðin skilaboð. Hún hringdi til að kanna hvort miðinn væri laus og festi sér númerið. Fjórum tímum síðar kom fjögurra milljóna króna vinningur á miðann. Einn maður vann trillu sem kostaði námið hans erlendis, annar varð flugstjóri hjá hollenska ríkisflugfélaginu eftir að hafa borgað námið sitt með vinningi úr Happraðtti DAS. Annar maður fékk bíl í aðalvinning en hann komst aldrei á honum heim því hann lenti í árekstri og bíllinn gjöreyðilagðist.“

Eru einhverjir vinningskóngar sem vinna oft?

„Það eru til miðar sem hafa fengið óvenjumaarga vinninga á sig og hafa komið upp hvað eftir annað. Og svo er auðvitað til fólk sem á hreinlega svo marga miða að það er alltaf að vinna, það eykur líkurnar töluvert að eiga fleiri en einn miða, þá vinnur tölfræðin með manni. Það var til dæmis einn miði sem fékk vinning á sig þrjá mánuði í röð, þannig er bara happraðttið, svo líða kannski nokkur ár án þess að menn verði varir. Það eru líka til miðar sem aldrei hafa hlotið vinning, en þeir fiska sem róa, því þeir sem ekki spila með eiga náttúrulega engan möguleika.“

Góðir möguleikar

En þú sjálfur, ert þú heppinn maður?

„Ég er það, en ég má að sjálfsögðu ekki spila í happraðttinu og það skýtur kannski svolítið skökku við að ég sé að hvetja menn til að kaupa miða og spili svo ekki sjálfur með, en ég verð að láta öðrum það eftir. Enda má segja sem svo að ég vinni í happraðttinu á hverjum einasta degi. En ég hvet að sjálfsögðu fjölskylduna mína óspart til að spila með.“

Af hverju heitir þetta flokkahappraðtti?

„1926 voru sett lög um hlutaveltur og happraðtti. Þau voru byggð á dönskum lögum og þar var flokkahappraðttisformið að finna. Þegar Happraðtti Háskóla Íslands var stofnað var það skilgreint sem flokkahappraðtti og þau happraðtti sem eftir komu voru líka skilgreind sem flokkahappraðtti en fengu þó ekki heimild til að greiða vinninga út í peningum eins og HHÍ sem þá var komið með einkaleyfi.“

Þetta gæti alveg eins kallast mánaðarhappraðtti vegna þess að núorðið miðast formúlan við tólf flokka. Í hverjum flokki er svo gefinn út ákveðinn fjöldi númera og út frá því er svo reiknað ákveðið vinningshlutfall, þ.e. ef við seljum minna, þá greiðum við minna út í vinningum. Ef allir miðar seljast, þá greiðast líka allir vinningarnir út. Þessi formúla kom upphaflega frá hollenska ríkishappraðttinu og Happraðtti DAS tók upp sama kerfi þegar það var stofnað. Upphaflega voru gefin út þrjátíu þúsund númer sem seldust öll upp og á næstu árum var þeim fjölgað og standa nú í áttatíu þúsund númerum, sem gerir það að verkum að möguleikinn á aðalvinningi er einn á móti áttatíu þúsund vikulega og möguleikinn á fjölmörgum minni vinningum er ennþá meiri sem er mun betra hlutfall en gefst í Lottóinu og öðrum happraðttum.“

Nú er happraðttið orðið ákaflega tæknivætt ekki satt?

„Á fyrstu árunum voru miðarnir seldir í litlum kofa sem stóð í Austurstræti þar sem nú er Ing-

ólfstorg og það er til ljósmynd af fólki þar sem það stóð í heillangri biðröð í hellirigningu til að ná sér í miða. Í dag notfæra sér eiginlega allir rafrænar aðferðir við að nálgast og borga miðana sína og sleppa við biðraðir. En við eigum líka nokkra tryggja viðskiptavinum sem eru komnir á efri ár en gera sér eigi að síður sérstaka ferð til okkar til að endurnýja um hver mánaðamót. Það þurfa allir að hafa sínar aðferðir og við eigum sem betur fer ákaflega marga velunnara og stuðningsaðila sem hafa spilað hjá okkur í áratugi og þar á meðal eru margir sem hafa spilað á sama númerið frá upphafi.“

Líður þér ekki eins og margföldum jólasveini um hver mánaðamót?

„Það má segja það, það er gaman að geta látið eitthvað gott af sér leiða, bæði að reyna að afla tekna og skapa sem mestan hagnað sem rennur til málefna aldraðra og gefur eitthvað til samfélagsins. Ég er að sjálfsögðu mjög stoltur af því og svo er alltaf gaman að úthluta stórum vinningum.“

Aramót í apríl

Hvernig stendur á því að þið eruð með sérstök „áramót“ happdrættisins í apríl?

„Einfaldlega vegna þess að fyrsti útdráttur fór fram 3. júlí 1954 og þá voru flokkarnir einungis tíu og því var uppgjör gert eftir tíu mánuði og þannig varð þetta okkar viðskiptaár. 1954 voru flokkarnir aðeins tíu, enda var ekki byrjað fyrr en í júlí. Eftir það var byrjað í maí og flokkarnir hafa síðan verið tólf.“

Var happdrættið ekki fyrsta fyrirtækið til að birta sjónvarpsauglýsingu í lit.

„Jú, og það gekk ekki vel að fá að sýna hana hjá RÚV. Það var ákveðið að taka myndina upp í lit, en síðan neitaði Sjónvarpið að birta hana í lit, einhverra hluta vegna ætluðu þeir bara að hafa auglýsingatímamann svarthvítan. Það voru einhver afturhaldsöfl í gangi þar, menn vildu trúlegast fara hægar í sakirnar á þeim árum. Það sköpuðust af þessu mikil bréfaskrif og málið fór fyrir útvarpsráð en á endanum var þetta sent út í lit.“

DAS húsin

Þið eruð ekki lengur með bíla og hús í fyrsta vinning er það?

„Markaðurinn hefur bara þróast þannig að fólk virðist frekar vilja fá að velja vinningana



Sigurður ásamt Sjómannadagsráði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, frá vinstri Óskar Vigfússon, Ásgeir Guðnason, Guðmundur Ibsen, Kristján Sveinsson, Ólafur Björnsson, Halfdán Henrysson og Sigurður Ágúst Sigurðsson. Á myndina vantar Guðmund Hallvarðsson.

sína sjálf. Við höfum fundið það á okkar vinningshöfum að það fellur betur í kramið að hafa bifreiða- eða íbúðavinninga að eigin vali. Við vorum síðast með raðhús í vinning fyrir rúmum tíu árum. Hér áður fyrr voru þetta miklir viðburðir þegar DAS húsin voru sýnd, það þurfti að takmarka aðgang því þetta var svo vinsælt, fólk var að koma til að sjá hvað var nýtt í arkitektúr, innréttingum og húsbúnaði. En svo kom það oft fyrir að vinningurinn hentaði kannski ekki vinningshafa sem þurfti þá að standa í því að selja eignina. Um það leyti sem við hættum með húsin og íbúðirnar var líka að komast í gagnið nýtt húsbrefakerfi og fólk lenti í því að það fékk jafnvel minna fyrir eignina þegar upp var staðið. Heildarfjöldi einbýlishúsa sem DAS úthlutaði í vinninga voru tuttugu og fimm og megnið af þeim er í Garðabæ auk fjölda blokkaríbúða eins og í Hátúni, við Kleppsvog og í Ljósheimum.“

Frændur vorir í Færeyjum eru farnir að taka mikinn þátt í happdrættinu ekki satt?

„Já, það er gaman að segja frá því að fyrir níu árum fórum við að selja miða til Færeyja, þeir tóku strax vel í þetta og salan þar hefur haldist mjög stöðug.“

Seðlar í skottinu

Verður ekki mikil athöfn þegar þið dragið út Chevrolet Bel Air afmælisvinninginn?

„Það verður vissulega eitthvað gert úr því,“ segir Sigurður Ágúst og verður dularfullur á svipinn, en heldur síðan áfram:

„Fornbíllinn er bara hluti af afmælisvinningnum, það verður líka óvæntur glaðningur í skottinu á bílnum, sem fylgir að sjálfsögðu með. Nú, ef hann hlýst á tvöfaldan miða fylgir honum einnig tveggja milljóna króna aukavinningur. Glaðningurinn í skottinu tengist aukageitraun sem við ætlum að vera með. Meiningin er að sýna bíllinn í Kringlunni, Smáralind og að endingu á sýningu Fornbílaklúbbsins í Laugardalshöll. Við ætlum að fylla farangursrýmið af þúsund króna seðlum og gefa fólki kost á að giska á fjöldann. Sá sem kemst næst réttu upphæð fær að launum utanlandsferð fyrir tvo. Það verður hægt að nálgast upplýsingar um þessa getraun á netinu er nær dregur.“

Það er ekki á hverjum degi sem það er dregið um fornbíla í happdrættinu.



Einbýlishús og íbúðir voru vinsælir vinningar á árum áður.


„Nei, það er skemmtileg hugmynd svona á afmælisárinu og mig langar að nota tækifærið og þakka Erni Sigurðssyni fyrir hans mikla framlag í þessu samhengi. Hann á líka heiður skilið fyrir að hafa haft upp á rétta bílnum í Bandaríkjunum. Það er rétt að geta þess að þessi hugmynd hafði verið rædd hér innanhúss en það þótti mikil vinna að finna rétta bíllinn. Svo heyri ég frá Erni sem fer að viðra sömu hugmynd og þá sáum við að þarna var kominn aðili sem gæti aðstoðað okkur við að finna rétta bíllinn. Það varð úr að hann fengi myndir hjá okkur til birtingar í bókinni sinni gegn því að hann liðsinnti okkur í bílaleitinni.“

Eru þetta ekki merk tímamót fyrir DAS?

„Jú, og ég vona að Happdrættið fái að halda áfram að vera sá fjárhagslegi bakhjarl sem það hefur verið fyrir aldraða í fimmtíu ár. Það eru mörg verkefni framundan og þörfin er mikil, langir biðlistar af fólki sem þarf á okkar vistheimilum að halda og með þátttöku landsmanna getum við haldið ótraud áfram að byggja upp og halda úti þessari hugsjón í þágu aldraðra.“



„Við erum ekkert hættir“



Guðmundur Hallvarðsson er formaður Sjómannadagsráðs Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Hapdrættis DAS.

Hann fór fyrsta túrinn sinn sem messagutti á Brúarfossi rétt innan við fermingu. Hann sigldi um heimsins höf og kynntist ýmsu á þeim ferðum. Hann er lipur sögumaður og segir svo skemmtilega frá kynnum sínum af merku fólki og skrátnu að sá sem þetta ritar gleymdi alfarið stað og stund. Við tókum okkur samt taki og ýttum seiðandi sjómannaævintýrunum til hliðar til að ræða um Sjómannadagsráð, dvalarheimilið og afmælisbarnið Hapdrætti DAS.

„Ég er alinn upp hér í Laugarneshverfinu og man eftir Sjómannadeginum 1954 þegar Hapdrætti DAS var formlega stofnað og ég fylgdist vandlega með því þegar öll hersingin fór í skrúðgöngu hér uppeftir. Ég stóð á horninu á Otrateig

og Sundlaugavegi en skrúðgangan var að koma frá Höfðaborg. Fremstur í flokki var heljarmikill vörubíll með dráttarvagni aftan í og utan um hann var búíð að smíða víkingaskip sem var með sjómenn í víkingaklæðum innanborðs. Svo komu þessar flottu drossíur, Chevrolet fimmtíu og fjögur, við strákarnir vorum alveg agndofa yfir því hvað þetta voru flottir bílar.

Ég man að það var margt um manninn, mér fannst hálf Reykjavík vera mætt til að fylgjast með hátíðarhöldunum.“

Vaxandi þátttaka

Það er heppilegt að Sjómannadagurinn skuli vera á þannig stað í almanakinu að það eru miklar líkur á góðu veðri.

„Já, reyndar hafa öðru hvoru komið upp óskir um að færa hann fram eftir sumri, ýmist voru það sjómenn sem vildu hafa hann í vertíðarlok eða menn vildi gefa unga fólkinu í plássinu færi á að snúa heim eftir skólavist og nýlega hafa heyrst raddir innan ferðabjónustunnar sem hafa viljað færa daginn yfir á mesta ferðamannatím-ann. En það er ekki hægt að vera að hringla með dagsetninguna, enda voru sett lög um Sjómannadaginn 1987, það var orðið erfitt að halda sjómannadag sem var ekki lögbundinn frídagur. Oft voru landkrabbarnir að skemmta sér konunglega þegar sjómenn neyddust jafnvel til að láta úr höfn á sjálfan Sjómannadaginn. Í dag höfum við svo orðið varir við vaxandi þátttöku sjómanna og almennings sem kemur til af því að við erum búnir að tengja saman Hafnardag á laugardeginum og Sjómannadag á sunnudeginum og köllum Hátíð hafnsins sem hefur notið mikilla vinsælda.“

Sjómannadagsráð á og rekur tvær Hrafnistur og sér alfarið um reksturinn á hjúkrunarheimilunum Víðinesi og Vífilsstöðum. Laugarásbíó er einnig í eigu ráðsins en er leigt út. Jörðin Hraunkot í Grímsnesi, sem er um sjö hundruð hektarar, er í eigu samtakanna og þar er rekið félagsheimili og þriðja sundlaugin þeirra DAS manna. Á jörðinni eru tvö hundruð sumar- bústadir sem eru í eigu stéttarfélaga sjómanna og annarra félaga og einstaklinga. Þar er nýbúið að skipuleggja orlofshúsasvæði fyrir eitt hundruð og tuttugu sumarhús með aðgangi að heitu og köldu vatni, þetta er mjög gott og fallett svæði sem allir eiga aðgang að.

Það er hapdrættið sem hefur fjármagnað Hrafnistuheimilin, ágóðinn af hapdrættinu er eingöngu notaður til að reisa dvalar- og hjúkrunarheimili.

Framkvæmdasjóður aldraðra hefur á seinni árum komið inn með 40% af byggingarkostnaði, en Hrafnista í Reykjavík var alfarið byggð fyrir frjáls framlög og ágóðann af fyrsta hapdrættinu.“

Hapdrætti DAS skipti sköpum

„Sjómannadagsráð var stofnað 1937. Tilgangur þess var fyrst og fremst að halda árlega upp á sjómannadaginn. Skömmu síðar var skipuð nefnd til að móta stefnu og til að takast á við verðug verkefni. Á þessum tímum fólust störf starfsmanna stéttarfélaga sjómanna meðal annars í að innheimta félagsgjöld. Þeir gerðu það þegar þeir voru í landi og gengu þá í hús og bönkuðu upp á hjá félagsmönnum. Náin tengsl mynduðust og heimsóknir héldu áfram þótt sjómannsstarfinu lyki langt um aldur fram sökum



Hrafnista í Hafnarfirði.

vosbúðar og vinnutíma sem oftast takmarkaðist við það eitt hve lengi sjómaðurinn gæti unnið án svefnis og hvíldar. Ég er þess fullviss að með þessa sýn á starfslok alltof margra sjómanna hafi hugmyndin um dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn orðið til árið 1938. Þá var lagt í að byggja Dvalarheimili aldraða sjómanna og vendipunkturinn í þessari uppbyggingu var hugmynd Auðuns Hermannssonar með happdrætti. Þegar svo tíu skipstjórnarmenn, topp skipstjórnar í íslenska fiskiskipafлотanum, fara á fund Ólafs Thors til að fylgja þessu máli eftir segir hann að þegar jafn mikilsmetnir menn kæmu og legðu slíkan þunga á þetta mál þá væri nú ekki hægt að víkjast undan þeirri ósk. Og þetta var svo drifið í gegnum Alþingi, þrjár umræður á einum degi og Happdrætti DAS verður til. Það var auðvitað ekki í marga sjóði að sækja á þessum tíma og málin orðin þannig að það var mjög mikil þörf á heimili fyrir aldraða. Ég veit ekki hvernig staðan hefði verið leyst ef Hrafnista hefði ekki komið til, með þessum mikla og góða styrk frá Happdrætti DAS. Að auki má geta þess að í þessu upprunalega átaki áttu einnig margar útgerðir og einstaklingar þátt og gáfu margir andvirði eins herbergis og það sýnir í hnotskurn skilning og áhuga manna á þessu viðfangsefni. Það sem gerði happdrættið svona vinsælt var að stjórnendur þess ákváðu að vera með marga góða og verðmæta vinninga og svo að sjálfsögðu sú staðreynd að skilningur almennings á þessu máli var mikill og það voru margir sem vildu leggja málinu lið.“

Allir þekkja slagorðið

„Það var Baldvin Jónsson, fyrrum forstjóri Happdrættis DAS, sem kom með þetta orðatil-

tæki: „Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld“ og var þá átt við hér innan veggja Hrafnistu. Við höfum alla tíð stefnt að því að gera þessi einkunnarorð að okkar markmiði, margir hafa brennt sig á því að herma þessi orð upp á ríkisstjórn eða sveitarfélag, en þetta er alfarið okkar slagorð.“

Hvað með framtíðina?

„Við erum ekkert hættir, því við höfum til umráða fimm hektara lóð í Garðabæ, norðan Hrafnistu í Hafnarfirði. Það er einnig verið að vinna að skipulagi á lóð sem við höfum fengið fyrirheit um í landi Kópavogs skammt frá Elliðavatni, þar höfum við hug á að byggja ásamt byggingarfélaginu Húsvirki sem við höfum átt gott samstarf við áður og í samstarfi við Kópavogsbæ. Síðan höfum við verið að horfa til framtíðarsvæðis við Víðines.“

Er ekki mikil ásókn í pláss á dvalarheimilunum ykkar?

„Jú, það eru trúlegast á sjötta hundrað manns á biðlista inn á Hrafnistuheimilin og á biðlista fyrir dvöl á hjúkrunarheimili bara hér í Reykjavík bíða 360 aldraðir í mikilli þörf og þeim fer fjölgandi, þjóðin er að eldast. Við erum búin að bíða eftir því á annan áratug að fá heimild til að byggja níutíu rýma hjúkrunarálmu við Hrafnistu í Hafnarfirði, sem er afar hagkvæmur kostur vegna þess að þar er allt til staðar, allir þeir þjónustupættir sem þurfa að tilheyra einni svona byggingu. Enn sem komið er höfum við hvorki fengið framkvæmda- né rekstrarleyfi frá ráðuneytinu. Eitthvað voru menn að setja það fyrir sig að þetta væri innan Reykjaneskjördæmis sem var og vildu meina að það vantaði ekki fleiri



Hjúkrunarheimilið Vífilsstaðir í Garðabæ.

pláss þar. Menntu áttuðu sig ekki alveg á því hvað þeir voru að fara vitlaust að þessu máli, því það er fólk úr öllum stéttum og alls staðar að á landinu sem bæði kaupir miða í Happdrætti DAS og fær inni á dvalarheimilunum.“

Margs konar þjónusta

„Annað sem margir gera sér kannski ekki grein fyrir er að við höfum byggt upp bæði íbúðablokkir og raðhús með sölu- og leiguíbúðum fyrir aldraða sem geta valið um það hvort þau vilji sækja þjónustu til Hrafnistuheimilanna eða fá hana til sín og þetta fyrirkomulag verður til þess að fólk er lengur í eigin íbúðum áður en það sækir um á hjúkrunarheimilunum og styttr það biðlistana. Þó að happdrættið komi ekki nálægt fjármögnun á þessari uppbyggingu þá eru þetta jaðaráhrif þess, það má segja að þetta sé meidur af sama stofni. Það hefur verið gæfa Hrafnistuheimilanna að þau eru skipuð mjög hæfu starfsfólki og þar hefur safnast upp mikil reynsla og þekking á þessu sviði sem sést glögg á því að heilbrigðisráðuneytið hefur leitað til okkar með reksturinn á Vífilsstöðum og Víðinesi. Við teljum að þekking sé mikil á þessum málum hér innandyra og við viljum halda henni í hávegum og koma okkar málum á framfæri þannig að við séum áfram þátttakendur í uppbyggingu á þjónustupáttum fyrir aldraða.“

Eitthvað að lokum?

„Já, ég myndi vilja hvetja fólk til að styðja okkur í áframhaldandi uppbyggingu með því að kaupa miða í Happdrætti DAS þar sem dregið er vikulega og spennan í kringum þá útdrætti er ekki síðri en gerist til dæmis í Lottó eða Víkingalottó og vinningsmöguleikar meiri.“



Hjúkrunarheimilið Víðines.



Hrafnista í Reykjavík.

„Það er ekkert að markað aldur“



Soffía Egilsdóttir er félagsráðgjafi og forstöðumaður félagsviðs og vistunar á Hrafnistuheimilunum.

„Við erum með fjölbreytt félagsstarf á báðum Hrafnistuheimilunum, fyrir utan skemmtanir á borð við þorablót og haust- og vorfagnaði þá erum við með fasta dagskrá með tónleikum, sívinsælu bingói og bjórkvöldum, myndasýningum og fyrirlesturum. Síðan er farið í leikhúsferðir, verslunarferðir og menningarlegar skoðunarferðir og fleira og fleira. Alla daga er föst dagskrá þar sem boðið er upp á söng, íþróttir á borð við boccia og kínverska leikfimi, vatnsleikfimi, pílu-

kast og púttkeppnir. Svo eru vinnustofur opnar á báðum heimilunum þar sem fólk getur unnið margvíslega handavinnu og síðan eru á boðstólum guðsþjónustur og bænastundir.“

Bjórkvöld á dvalarheimili fyrir aldraða?

Bjórkvöldin komu blaðamanninum svolítið á óvart.

„Já, já, þau eru geysilega vinsæl og eru haldin um það bil einu sinni í mánuði. Þá seljum við bjór og léttvín á kostnaðarverði og höfum það bara huggulegt með harmonikuleik og spjalli og síðan er dansað. Við leggjum áherslu á að þetta eru heimili fólks og þar á maður að geta haft hlutina eins og á flestum öðrum heimilum landsins og haldið gleðskap þar sem boðið er upp á léttar veitingar.“

Þið eruð með ákaflega fjölbreytta dagskrá.

„Já, það er markmið okkar að virkja fólk og hvetja og bjóða upp á eins mikla starfsemi og okkur er framast unnt. Sumir velja að sjálfsögðu að draga sig svolítið til hlés og þá ber náttúrulega að virða það. Auðvitað þarf þá að skoða hvort viðkomandi kys það og líður vel þannig. Markmiðið er að allir fái tækifæri til að njóta sín. Það má ekki gleyma því að fólk tekur engum stökkbreytingum við það eitt að verða sextíu og sjö ára, menn halda sínum venjum og síðum

og persónuleiki fólks er að sjálfsögðu sá sami og fólk vill halda áfram að gera það sem því finnst skemmtilegast að gera.“

Hæfileikaríkt og fjölbreytt fólk

„Það er sagt að heimilin séu þverskurður af þjóðfélaginu, en það sem kom mér kannski mest á óvart þegar ég byrjaði að vinna hérna var að uppgötva að hér er óvenju mikið af hæfileikaríku fólki. Ég er kannski á röltinu um gangana og rekst á níutíu og eitthvað ára ungan öldung sem kemur með frumsamda vísu á staðnum. Þó að fólk sé komið inn á hjúkrunarheimili þá þýðir það ekki að menn hætti að hugsa, hér eru mjög margir virkir einstaklingar að starfa við hitt og þetta eftir bestu getu.“

Hvað er svo allra vinsælast hjá ykkur?

„Bingóið stendur uppúr hjá mörgum held ég og svo skemmtanirnar, þegar þorablótin eru haldin fyllist allt hérna. Þau þykja ákaflega góð, það er boðið upp á hefðbundinn þorramat og mörgum þykir brennivínssnafsinn ómissandi við það tækifæri og svo er mikið dansað á eftir. Ég varð hreinlega að drífa mig á námskeið til að læra gömlu dansana þegar ég kom hingað fyrst, annað kom ekki til greina.“

Það virðist vera ákaflega mikil fjölbreytni í mannlífinu hérna.

„Já, það einkennir Hrafnistuheimilin að þau





Eyjólfur Valgeirsson á smíðastofu Hrafnistu.



Einn af fjölmörgum spilaklúbbum á Hrafnistu.

eru blönduð heimili, bæði vist- og hjúkrunarheimili og í þjónustuíbúðunum í nágrenninu er einnig fólk sem kemur inn í félagsstarfið og þetta eykur fjölbreytnina. Það eru kannski ekki allir sem hafa heilsu til að taka þátt í erfiðustu dagskrárliðunum og svo er fullhraust fólk sem getur vel látið til sín taka í íþróttunum og þetta gerir okkur kleift að vera með svona fjölbreytta dagskrá. Íþróttastarfið er skipulagt af endurhæfingardeild heimilanna en þar vinna sjúkrajálfarar, íþróttakennarar og aðstoðarfólk. Það eru bæði kostir og gallar við það að vera með svona stór heimili en einn af kostunum er að það er meira hægt að gera í félagsstarfinu.“

Ástin blómstrar

á Hrafnistuheimilunum

Fáið þið mikið af sjálfbodaliðum til að koma inn í félagsstarfið?

„Við höfum góða aðila sem styðja við félagsstarfið eins og Kiwanisklúbbana Heklu og Elliða og Lionsklúbbana Kaldá og Ásbjörn og Kvenfélagið Ölduna. Hjá Hrafnistu í Reykjavík er starfrækt Ættingiabandið sem er félag aðstandenda og vina heimilisfólksins sem hefur stutt dyggilega við félagsstarfið, til dæmis með kaffiboðum á hjúkrunardeildunum. Þannig að fyrir utan fast starfsfólk eigum við mjög góða að.“

Skella vistmenn sér í Laugarásbíó?

„Já, já, þeir hafa reynst okkur ákaflega vel hérna í Laugarásbíói. Við erum með fastar bíosýningar sérstaklega fyrir okkur og þá kemur rúta úr Hafnarfirði og allir sem vettlingi geta valdið fara í bíó. Það er mjög vinsælt, sérstaklega þegar sýndar eru íslenskar myndir. Það þarf ekki að láta sér leiðast hér, svo framarlega sem menn hafa það góða heilsu að þeir geti tekið þátt í einhverju. Við erum líka með minni hópa, það eru til dæmis spilaklúbbar út um allt hús og vei þeim sem truflar spilaklúbbinn. Svo tengist fólk nánum vinaböndum hér og eins getur ástin blómstrað og menn eignast ástvini. Þetta er bara eins og lítið þorp með góðu mannlífi og oft

myndast góð vinátta milli starfsfólks og heimilisfólks.“

Ég nefni það við Soffiu að á leið minni í viðtalið hafi ég séð svo marga heimilismenn á röltinu í nágrenninu og allir hafi heilsað kumpánlega upp á mig, hún hlær við og segir:

„Að meðaltali hugsa ég að ég bjóði svona hundrað manns góðan daginn á hverjum einasta degi. Þetta er ákaflega kurteist samfélag og auðvitað þarf að rabba um ýmislegt. Þorpsstemningin ríkir hér, maður þekkir marga og kannast við flesta í þorpinu. Svo er hér ýmisleg þjónusta við heimilismenn, hárgreiðsla, fót snyrting, banki og guðsþjónustur.“

Nýtt heimili á sjómannadaginn

Fyrir utan félagsstarfið sem Soffía hefur yfirmun sjón yfir þá situr hún einnig í inntökunefnd heimilanna og það getur oft verið vandasamt því biðlistar eru langir og erfitt að meta hvar þörfin er brýnust.

„Já, það er mikil eftirspurn eftir rýmum hérna eins og á öllum heimilum á stór-Reykjavíkursvæðinu og það verður mjög gaman að taka inn nýja heimilið sem verður vígt á sjómannadaginn kemur. Elsti hluti þessa heimilis hér í Reykjavík var að sjálfsgöðu barn síns tíma en kröfurnar aukast og í dag þykir þetta ekki nægilega rúmgott og það er erfitt að deila salerni með öðrum og þar fram eftir götunum.“

Við leiðumst út í spjall um hin ýmsu vandamál sem aldraðir þurfa að kljást við og gildi góðrar þjónustu við þá sem hafa skilað þjóðfélaginu sínu.

„Það eru að mínu mati hrein forréttindi að fá að kynnast því fjölbreytta mannlífi sem hér er að finna og það er alveg makalaust að hugsa út í alla þá reynslu sem hér er uppsöfnuð undir einu þaki. Þeir sem hafa lifað lengi hafa fjölbreytta og margskonar lífsreynslu að baki, en þeir sem hafa náð áttæðu og níuræðu hafa þurft að ganga í gegnum lífsins skóla og hann er æði misjafn. Það skemmtilega við Íslendinga er að það þarf ekki

langan tíma til að finna einhverja tengingu við þá einstaklinga sem hér eru. Ég held að ég hafi aldrei lent í því að finna ekki einhverja tengingu. Fyrir nú utan allar sögurnar sem hér eru sagðar og sá sjóður af upplýsingum um liðna tíma sem hér er að finna og er í raun illa nýttur.“

Það er sagt að fólk í hinum vestræna heimi sé stöðugt að eldast.

„Já, við sjáum það hér að nú þykir átrætt ekki vera neinn aldur. Reyndar sér maður það glöggst hér á heimilunum hvað aldur er algjörlega afstæður. Þú getur verið með öldung sem er um sjötugt og ungling sem er yfir níurætt og það fer mjög mikið eftir huganum og eins hversu heppnir menn eru með heilsufarið. Þannig að það er ekkert að marka aldur, fólk kemst mjög langt á viljanum og lífsgleðinni. Hér eru margir heimilismenn sem veita manni mikinn styrk og trú á lífið. Það má ekki gleymast að það er ekki bara starfsfólkið sem er að gefa af sér, það gengur í báðar áttir. Þess vegna er svona gaman að vinna hérna.“

Að lokum nefndi Soffía það að á morgun sunnudaginn 2. maí verður haldin sameiginleg vorhátíð Hrafnistuheimilanna klukkan 14:00 í hátíðarsal Fjölbreyttaskólans í Garðabæ. Heimilisfólkið mun flytja lifandi dagskrá sem gefur glögga mynd af fjölbreytni mannlífsins sem ríkir á heimilunum. Miðaverð er eitt þúsund krónur og fimm hundruð fyrir eldri borgara.



Það er ýmislegt sem heimilisfólkið tekur sér fyrir hendur á Hrafnistu og engum þarf að leiðast.

Umboðsmenn DAS

Akureyri



Gísli Jónsson

„Það sem er minnstæðast er að sjálfsgöðu þegar stórir vinningar falla á miða sem við höfum selt. Skömmu eftir að við tókum við umboðinu fyrir um fimm árum féll 20 milljón króna vinningur á miða sem var í eigu ungrar einstæðrar móður með tvö börn. Hún var nýbúin að kaupa þennan miða og var svona rosalega heppin. Hún gat skellt sér í nám sem ekki var hægt að stunda hér. Stærri vinningur hefur ekki fallið hér í þessu umboði á DAS miða hvorki fyrr né síðar. Það var líka ákaflega minnstætt þegar hingað kom kona manns sem átti hjá okkur miða. Hún kom í febrúar og sagðist ætla að hætta með miðana, þau hjónin höfðu verið að taka til á kortinu og þetta var eitt af því sem þau ætluðu að segja upp. Ég sagði þeim að halda þetta út happdrættisárið, en það eru áramót hjá happdrættinu í apríl og þá er einmitt hæsta vinningshlutfallið og sömuleiðis hæstu vinningslíkurnar. Því miður fyrir þau féll hæsti vinningurinn einmitt á þennan miða, næsta mánuð á eftir.“

Eru þetta mikið til sömu aðilarnir sem halda tryggð við happdrættið?

„Já, þetta eru allt meira og minna orðnir vinir manns, mest er það fólk af eldri kynslóðinni sem rekst hérna inn, yngri kynslóðin notfærir sér netið í miklum mæli. Yngra fólk erfir líka stundum miða og heldur áfram þeirri fjölskylduhefð að spila í happdrættinu.“

Spilar umboðsmaðurinn sjálfur með í happdrættinu?

„Ég á mína miða að sjálfsgöðu... ég hef reyndar aldrei fengið vinning sem er kannski ekki góð auglýsing, en málefnið er alla vegana gott!“

Kópavogur



Guðlaugur Kristjánsson

„Já, mitt umdæmi er stór-Kópavogssvæðið, en það koma til mín viðskiptavinir alls staðar að á landinu af ýmsum ástæðum og bara frá áramótum hef ég tekið þátt í því að gera níu manns að milljónamæringum. Þegar slíkt fréttist hópast hingað fólk sem telur að það séu meiri líkur á að vinna á miða sem fenginn er hér hjá okkur. Við reynum að halda eins persónulegum tengslum við okkar viðskipta vini og mögulegt er, hringjum ávallt og látum vita þegar það dettur vinningur á miðana hjá mönnum.“

Hvernig eru viðbrögð manna þegar þú hringir og tilkynnir þeim um vinninga?

„Einn maður hló bara þegar ég hringdi í hann og sagði honum að hann hefði fengið bíl í verðlaun. Þetta var fyrsti bíllinn sem ég afhenti og við vorum með hann til sýnis hérna á planinu fyrir framan til að kynna happdrættið daginn fyrir útdrátt. Mér tókst að lokka mann sem var að bíða eftir konunni sinni til að prófa að setjast inn í bíllinn sem honum leist vel á, enda á fremur öldruðum skjóði sjálfur. En hann ætlaði alls ekki að kaupa miða og þegar konan hans kom sagði ég henni í grími að maðurinn hennar vildi ekki kaupa handa henni bíl, þau hristu bæði hausinn og keyrðu brosandí í burtu. En hann hékk síðan á húninum hjá mér þegar ég opnaði daginn eftir. Hann sagðist ekki hafa sofið dúr alla nóttina, hann yrði bara að kaupa sér nokkra miða. Þetta var síðan maðurinn sem ég var að hringja í seinna um daginn því hann fékk bíllinn og hann gat ekki hætt að hlæja. Það er svakalega gaman að vinna við þetta, svona atvik eru bara partur af tilverunni hjá okkur. Umboðið er það stórt að það er alltaf eitthvað að gerast, stundum kemur fólk og kvartar undan því að það komi aldrei vinningur á miðann og svo fær það vinning mánuði síðar og þá segir það að það hafi hreinlega virkað að kvarta.“

Spilar þú sjálfur?

„Já, ef maður á ekki miða þá á maður ekki nokkurn séns, miði er alltaf möguleiki. En ég bíð ennþá eftir því að þurfa að hringja í sjálfan mig!“

Reykjanesbær



Gunnar Oddsson

ásamt samstarfsmönnum hjá TM, þeim Sigurði Guðnasyni og Önnu Maríu Sveinsdóttur. Á myndina vantar Dönu Hilmarsdóttur.

„Ég hugsa að margt ungt fólk geri sér ekki grein fyrir hvað þessi skammstöfun þýðir og um leið hversu mikið happdrætti DAS tengist sjómannsstéttinni. Við sem eldri erum munum vel eftir sjómanslífinu bæði hér í Keflavík og ekki síður í nágrannasveitarfélögum. Það er líka svo að þeir sem spila með í happdrættinu tengjast þessari stétt, s.s. gamlar sjómans-ekkjur,“ sagði Gunnar Oddsson, útibússtjóri Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) umboðsmaður DAS í Reykjanesbær.

Gunnar tók við stöðunni af Ólafi Eypóri Ólasyni í október 2000. Mikil lukka virðist hafa fylgt Gunnari, a.m.k. féll stóri vinningurinn í Keflavík tvisvar í röð. „Það verður að segjast eins og er að árið 2001 byrjaði ótrúlega vel. Á fyrstu þremur mánuðunum féll hæsti vinningur tvisvar í röð hjá miðaeigendum í okkar umboði. Mér fannst það einstaklega ánægjulegt að tilkynna fólki um vinningana. Það var ekki síður skemmtilegt fyrir þær sakir að önnur hjónin höfðu verið að hugsa um að hætta að endurnýja miðann sinn, enda búin að eiga hann lengi og ekki verið ánægð með vinningshlutfallið. Nýtt happdrættisár byrjar í maí ár hvert og því var stutt í áramótin. Það er skemmst frá því að segja að þau snarlega hættu við og eiga miðann enn.“

Gunnar sagði að vinnan kringum happdrættið lífgaði upp á starfsemi TM. „Það er fjör hér í kringum hver mánaðamót þegar fólk kemur að endurnýja, ekki síður en happdrættisáramótin. Það eru margir sem vilja koma, endurnýja miðann og taka á móti honum úr umslagi. Það er líka nokkuð algengt að fólk endurnýji rafrænt og geymi miðana hér. Fólk kemur ekki síður til að athuga með vinninga og maður þarf að stappa stáli í þá sem finnst þeir aldrei vinna og segja í hvert sinn að nú hljóti röðin að fara að koma að þeim. Aðrir vinna oft smáupphæðir og vita jafnvel ekki af því og þá þarf að hnippa í,“ sagði Gunnar Oddsson að lokum.

Selfoss



Bogi Karlsson,

„Svæðið okkar er fyrst og fremst Selfoss og nágrenni. Það er traustur hópur sem hér spilar í happdrættinu með þá meginhugsun að styðja gott málefni og finnst gott að hafa tækifæri til þess. Svo krydda vinningarnir alltaf tilveruna eins og gengur,“ segir Bogi Karlsson, umboðsmaður DAS á Selfossi, en hann hefur verið umboðsmaður í 4 ár. Umboðið er í skartgripa- og gjafavöruslun hans á Austurvegi 11 á Selfossi þar sem hann rekur einnig úrsmíðaverkstæði. Áður en Bogi tók við umboðinu var það hjá Höfn hf. á Selfossi þar sem Arnold Pétursson verslunarmaður annaðist það um árabíl.

„Fólk kemur hingað og endurnýjar og svo látum við fólk vita ef það hefur unnið. Það er alltaf skemmtilegt og auðvitað koma vinningar á miðana hér, þó við höfum ekki fengið þá allra stærstu þá hefur sá næststærsti komið hér og allt eru þetta þokkalegir vinningar sem fólk er ánægt með. Fólk er auðvitað ákaflega ánægt þegar það vinnur. Eitt sinn lenti ég í að hringja í sama manninn þrisvar í röð vegna vinnings. Hann hafði aldrei unnið en átti tvo miða og í þetta sinn vann hann tvisvar á annan miðann og einu sinni á hinn. Þessa miða hafði hann átt í áratugi og fannst þetta afar merkilegt þegar vinningarnir streymdu til hans. Það má því með sanni segja að það þurfi þolinmæði til að spila í happdrætti,“ segir Bogi.

„Það er mjög gaman að sinna happdrættinu, hingað kemur margt fólk, maður þekkir flestalla og það er gefandi að sinna þessu. Sumir bregða á leik eins og einn sem á það til að segja þegar hann kemur að endurnýja: „Jæja, nú er ég kominn til að stofna til stóreigna.“ Þessi skemmtilegu samskipti mynda traust á milli okkar og maður passar upp á hópinn, að hann gleymi ekki að endurnýja og fólk kann því mjög vel. Þessi persónulegi þáttur í kringum happdrættið er afar skemmtilegur og alveg í takt við það að fólk er að styrkja gott málefni,“

Reyðarfjörður



Ásgeir Metúsalemsson

„Umhverfið hefur verið að breytast mikið á síðustu árum. Nú hafa rafræn viðskipti tekið völdin, menn eru farnir að láta taka andvirði miðans út af greiðslukortum sínum og fyrir vikið verða mannlegu samskiptin minni.

Hér á árum áður kom alltaf viss hópur hingað inn á skrifstofuna til að endurnýja og þá notaði maður tækifærið til að spjalla um lífið og tilveruna. Ég sakna þessara tíma.

Nú eru það örfáir sem gera þetta svona og ég get ekki annað en getið eins þeirra, en það er Marinó Sigurbjörnsson fyrrverandi starfsmaður Kaupfélags Héraðsbúa hér á Reyðarfirði. Hann hefur spilað í DAS frá stofnun þess og kemur alltaf mánaðarlega til að endurnýja.

Reyndar fékk hann hæsta vinning árið 1957, sem var fullgerð íbúð á Kleppsveginum í Reykjavík. Marinó hefur sagt mér að hann hefði heitið á eiginkonu þáverandi umboðsmanns, Björns Eysteinsonar, ef hann fengi hæsta vinning og áheitið reyndist svona vel. Hann á þetta númer ennþá og hefur átt frá upphafi en öðrum miðum hefur hann oft skipt út.“

Eftirminnilegur vinningur?

„Nokkru eftir að ég tók við umboðinu fékk roskinn sjómaður hér á staðnum hæsta vinning mánaðarins, sem var bíll. Þessi maður var reyndar hættur að stunda sjómennsku þá, en það var smágalli á gjöf Njarðar, eigandinn hafði aldrei tekið bílpróf og ekki hugsað sér að gera það í ellinni.“

Á umboðsmaðurinn miða í DAS?

„Ég spila alltaf með í nafni konunnar vegna þess að ég vinn aldrei neitt sjálfur.“

Ísafjörður



Björk Birkisdóttir

Björk á 20 ára starfsafmæli sem umboðsmaður 1. maí á 50 ára afmæli happdrættisins.

Hún er mjög ánægð með þessa tuttugu ára samleið með fjölda Ísfirðinga sem hafa komið reglulega til að endurnýja miðana sína og margir jafnframt til að sækja vinninginn. En Björk heldur því fram að mjög hátt hlutfall vinninga komi á miða á Ísafirði og sumir vinni viku eftir viku eftir viku.

Fyrir nokkrum árum birtist í Morgunblaðinu frétt um hjón á fimmtugsaldri á Ísafirði hefðu fengið stærsta vinninginn hjá DAS.

Prenn hjón á staðnum sem voru almennt kunn íbúunum voru talin vinningshafarnir og spunnust miklar umræður um þetta fólk og hvað það ætlaði að gera við peningana. En sannleikurinn er hins vegar sá að það voru fleiri pör á Ísafirði á fimmtugsaldri og eitt þeirra hlaut vinninginn, en það hefur aldrei spurst hver þau eru.

Björk segir að þess sé gætt afar vel ef vinningshafar vilja ekki láta nafns síns getið að algjör leynd hvíli yfir.

Foreldrar Bjarkar, Jónína Högnadóttir kaupmaður og Birkir Þorsteinsson olíuumboðsmaður, fengu stóra vinninginn fjórum árum áður en Björk byrjaði.

Þau urðu fyrir nokkru aðkasti samborgara sinna, sem fannst að einhverjir aðrir væru betur að peningunum komnir, hvernig svo sem það var nú reiknað.

Þau hjónin skiptu vinningnum jafnt á milli sín og barna sinna og Birkir keypti sér Hammond orgel, sem hann spilar á fyrir vini og vandamenn þeim til mikillar ánægju.

Björk segir að það sé afar gaman að borga út vinningana og henni finnst ótrúlegt hvað flestir eru rólegir og yfirvegaðir þegar þeir koma eftir happafengnum.

Nú á afmælisárinu eru að verða miklar breytingar á Happdrætti DAS segir Björk og ennþá skemmtilegra að vera með. Henni finnst leiðinlegast hvað margir eru farnir að borga miðana með bodgreiðslum eða á netinu, því það er svo gaman að fá allt þetta fólk í heimsókn í verslunina, en Björk hefur allan tíman haft aðstöðu í Hafnarstrætinu í verslun foreldra sinna.

„Það eru einhverjir hérna sem hafa keypt miða frá upphafi og algengt er að börn fái miða í afmælis- og jólagjafir. Miða sem gætu gefið vel af sér, því miði er möguleiki,“ segir Björk.

Hagkvæmasta flutningsleiðin fyrir DAS

ICELANDAIR CARGO

Boing 757 PF
Árgerð 2003

Chevrolet Bel Air
Árgerð 1954

Fimmtugur dýrgripur í flugfrakt nútímans

Í tilefni af 50 ára afmæli sínu flutti Hapdrætti DAS til landsins stórglæsilegan og tignarlegan fornbíl frá Bandaríkjunum, Chevrolet Bel Air árgerð 1954, en samskonar bifreið var í aðalvinning á fyrsta happdrættisári DAS. Bíllinn verður afmælisvinningur happdrættisins í sumar.

Þegar leitað var hagkvæmustu flutningsleiðarinnar, jafnt á sjó sem með flugi, reyndist Icelandair Cargo vera besti kosturinn. Hapdrætti DAS valdi því hiklaust Icelandair Cargo til þessa mikilvæga flutnings.

HAPDRÆTTI
das
-vinningur í hverri viku

561 7757 • www.das.is

Sími: 505 0400 Fax: 505 0630 www.icelandaircargo.is

Eins
og
skot

ICELANDAIR
CARGO